

Menningarmál sumarið 21

Málsaðili : Garðabær
Tengiliður :
Dagsetning : 02.09.2021
Númer : 2109085
Flokkur :

Efni :
Dagskrá í júní - ágúst 2021 var á þá leið að sumarstarfsmenn í átaksverkefni frá Vinnumálastofnun í samstarfi við Garðabæ unnu að eftirtöldum verkefnum:

Listsmiðjur fyrir börn fóru fram í Smiðjunni í Hönnunarsafni Íslands 2 x í viku frá 17. júní til loka júlí. Smiðjurnar leiddi meistaranemi í listkennslufræði við Listaháskóla Íslands, Guðný Sara Birgisdóttir, en henni til aðstoðar var menntaskólanemi úr Garðabæ, Birna Berg. Metnaður og nákvæmni, sköpunargleði og endurnýting efnis einkenndi smiðjurnar og þátttakendur ánægðir með framtakið. Stöllurnar leiddu einnig sunnudagaskóla á Króki í júlí í samstarfi við sumarkirkjuna.

Hofsstaðaverkefnið fékk mikilvægan starfsmann sem er þjóðfræðingur að mennt en nemur nú hagnýta menningarmiðlun, Hlín Eyjólfsdóttir. Henni til aðstoðar var menntaskólanemi sem nýttist lítið við vinnuna. Hlín var ráðin í tímavinnu í ágúst til að halda áfram að vinna að verkefninu með Hringi Jóhannessyni hjá Gagarín og hefur skipt sköpum að hafa slíkan starfsmann í sumarstarfi.

Önnur verkefni voru: Skrásetning og myndataka af arkitektúr í Garðabæ og skrásetning myndefnis frá Garðabæ.

Samvinna við kirkjuna gekk vel og mikilvægt að fá kirkjugesti í kaffi á Króki enda komu fáir aðrir gestir í heimsókn. Sumarstarfsmenn skiptu með sér vöktum og gekk fyrirkomulagið vel.

Tónlistarnámskeiðið Hima var haldið í Tónlistarskóla Garðabæjar, FG og í Hofsstaðaskóla og gekk vel og mikil gleði með samvinnu við Garðabæ. Nemendur náðu þó ekki að spila fyrir íbúa á hjúkrunarheimilum og aðra vegna samkomutakmarkanna.